

Eintak án trúnaðarupplýsinga

Ákvörðun nr. 34/2023  
Miðvikudagurinn 6. september 2023

## Samruni Vekru ehf./Bílaumboðsins Öskju ehf. og Dekkjahallarinnar ehf.

### I. Málsmeðferð

- Pann 2. ágúst 2023 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup Vekra ehf. (hér eftir „Vekra“) á öllu hlutafé í Dekkjahöllinni ehf. (hér eftir „Dekkjahöllin“). Með tilkynningunni fylgdi samrunaskrá ásamt fylgigögnum. Þar kom fram að heildarvelta samrunaaðila færi yfir þrjá milljarða króna og væri velta hvors fyrir sig hærri en 300 milljónir. Teldu því samrunaaðilar sér skylt að tilkynna Samkeppniseftirlitinu um samrunann.
- Samrunaaðilum var tilkynnt um að samrunatilkynningin þeirra teldist fullnægjandi í skilningi ákvæðis 17. gr. a. samkeppnislaga og frestir til að rannsaka samrunann skv. 17. gr. d samkeppnislaga, sbr. 9. gr. reglna um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum, hefðu byrjað að líða þann 3. ágúst 2023. Við athugun málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, fyrirliggjandi gagna, fyrri rannsókna eftirlitsins á tengdum mörkuðum auk nýlegra ákvarðana eftirlitsins í tengslum við Vekru, auk þess sem eftirlitið leitaði sjónarmiða hjá hagsmunaaðilum.

### II. Samruninn og aðilar hans

- Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða að það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Ljóst má vera að kaup Vekra á öllu útgefnu hlutafé í Dekkjahöllinni telst samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.
- Í samrunaskrá kemur fram að félagið Vekra, sem áður hét Top ehf.<sup>1</sup> er eignarhaldsfélag sem er í meirihluta eigu Feier ehf. en aðrir hluthafar eru F. Bergsson eignarhaldsfélag ehf., Hrókur eignarhaldsfélag ehf., Hvítárhlið ehf. og Group Comte-Serres/Fonciere-Marie Luoise SAS. Félagið Vekra á síðan sjö dótturfélög. Þar á meðal Bílaumboðið Öskju ehf. (hér eftir „Askja“) sem flytur inn nýjar bifreiðar og selur hér á landi undir merkjum Mercedes Benz, Kia, Honda og Smart. Þá flytur Askja einnig inn stærri bifreiðar svo sem vörubifreiðar og langferðabifreiðar af Mercedes-Benz gerð. Askja selur svo allar gerðir bíla í bílasölu sinni fyrir notaða bíla. Einnig á félagið Lotus Car Rental ehf., sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 26/2022, *Samruni Top*

<sup>1</sup> Sjá hér t.d. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins [nr. 26/2022](#) *Samruni Top ehf./Bílaumboðsins Askja ehf. og Lotus Car Rental ehf.*



ehf./Bílaumboðsins Askja ehf. og Lotus Car Rental ehf. en Lotus Car Rental er bílaleiga sem afhendir og tekur á móti bifreiðum á höfuðborgarsvæðinu og í Reykjanesbæ.

5. Vekra á einnig fyrirtækið Sleggjuna atvinnubíla ehf. sem veitir þjónustu á sviði bílaviðgerða, en Sleggjan þjónustar sérstaklega atvinnubifreiðar og eftirvagna.
6. Í samrunaskrá kemur fram að Dekkjahöllin flytji inn og selji hjólbarða, felgur og ýmis konar tæki sem tengist hjólbörðum ásamt því að veita þjónustu á þessu sviði. Dekkjahöllin reki fjögur verkstæði, tvö þeirra séu í Reykjavík en einnig reki félagið eitt verkstæði á Akureyri og eitt á Egilsstöðum. Einnig hafi Dekkjahöllin flutt inn kerrur, tjakka og vélar sem tengist starfsemi félagsins. Dekkjahöllin sé í eigu Gunnars Kristdórssonar, Elínar Daggar Gunnarsdóttur Völjaots og Kristdórs Þórs Gunnarssonar. Sömu hluthafar eigi fasteignafélagið DH fasteignir ehf. sem leigi aðstöðu til Dekkjahallarinnar. Samstæðu Dekkjahallarinnar tilheyri einnig fasteignafélagið S12J fasteignir ehf. sem eigi hluta af fasteigninni að Skútuvogi 12.

### III. Niðurstaða

7. Við mat á samruna samkvæmt samkeppnislögum verður að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga. Samkvæmt ákvæði 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markað frá a.m.k. tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- eða þjónustumarkaði og hins vegar landfræðilegum markaði. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist á hinum skilgreindu mörkuðum málsins, eða verði til þess að slík staða styrkist á hinum skilgreindu mörkuðum málsins, eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 1. mgr. 17. gr. c samkeppnislaga. Hafa ber þó í huga að markaðsskilgreiningar í samkeppnisrétti geta ekki orðið nákvæmar og eru aðeins notaðar til viðmiðunar, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2008, *Fiskmarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.<sup>2</sup>

#### 1.1. Markaðir málsins

8. Að sögn samrunaaðila þá starfi samrunaaðilar á nokkrum mörkuðum. Askja selji nýja bifreiðar undir þeim merkjum sem áður hefur verið greint frá. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hafi jafnan talið að til sé sjálfstæður markaður fyrir fólksbifreiðar sem kunni að vera ástæða til að skipta niður frekar eftir gerðum eða tegundum. Samrunaaðilar telja slíka sundurgreiningu ástæðulausa í þessu máli.
9. Í samrunaskrá kemur einnig fram að Askja selji notaða bíla af hvaða tegund sem er. Samrunaaðilar telja að hægt sé að færa rök fyrir því að sala á notuðum bílum myndi sérstakan markað sem sé ólíkur markaðnum fyrir notaða bíla. Askja rekur einnig þjónustuverkstæði þar sem veitt er viðgerðarþjónusta við þá bíla sem félagið flytur inn.
10. Í samrunaskrá kemur einnig fram að Sleggjan sé bifreiðaverkstæði sem þjónusti sérstaklega atvinnubifreiðar og eftirvagna. Þar á meðal allar almennar viðgerðir eins og bremsuviðgerðir, girnkassa- og vélaviðgerðir, tjónaviðgerðir og almennar viðhalds og ábyrgðarviðgerðir. Að sögn

<sup>2</sup>

Sjá hér: [https://www.samkeppni.is/media/afryjunarnefnd\\_samkeppnismala/2008/urskurdur8\\_2008\\_fiskmarkadur\\_islands\\_hf\\_gegn\\_samkeppniseftirlitinu.pdf](https://www.samkeppni.is/media/afryjunarnefnd_samkeppnismala/2008/urskurdur8_2008_fiskmarkadur_islands_hf_gegn_samkeppniseftirlitinu.pdf).



samrunaaðila sé töluverður fjöldi verkstæða á landinu sem veiti almenna viðgerðarþjónustu og samkeppnin mikil og markaðshlutdeild þeirra því óveruleg.

11. Þá telja samrunaaðilar að einn markaður málsins sé á sviði útleigu á bifreiðum til skamms tíma sem Lotus starfi á. Telja samrunaaðilar að þar sé um að ræða starfsemi sem eigi sér ekki sérstakar staðkvæmdarvörur. Meta þeir svo að bílaleigubílar hafi margvíslega sérstöðu gagnvart öðrum ferðamátum t.a.m. þar sem leigutakar hafa forræði á ferðalögum sínum, geti leigt farartæki um skemmri eða lengri tíma og eru óháðir tímatöflum og öðrum kvöðum sem farþegar rútuþyrirtækja og sambærilegra aðilar þurfi að sæta. Tefla samrunaaðilar því fram í samrunaskrá að skammtímaleiga á bílum sé jafnframt töluvert ólík langtímaleigu þar sem verð og innifalin þjónusta séu ólík auk þess sem verið sé að svara ólíkum þörfum. Telja þeir að það sjáist ekki hvað síst á því hve ólíkur kúnnahópurinn er. Vísa þeir til þess að Samkeppniseftirlitið hafi í ákvörðunum sínum byggt á því að til sé sérstakur markaður fyrir útleigu bíla, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 10/2018 *Kaup Horns III slhf. á hlut í Bílaleigu Flugleiða ehf.*<sup>3</sup> Miða því samrunaaðilar við að Lotus starfi á markaði fyrir útleigu á bílum.
12. Í samrunaskrá kemur fram að Dekkjahöllin sérhæfi sig í sölu á dekkjum og tengdri þjónustu. Félagið bjóði einnig upp á smurþjónustu á verkstæðum sínum á Akureyri og Egilsstöðum, en ekki sé um stóran þátt að ræða í þjónustu Dekkjahallarinnar. Telja samrunaaðilar því að Dekkjahöllin starfi á markaði fyrir sölu á dekkjum og tengdri þjónustu. Heildsala Dekkjahallarinnar sé óveruleg og telja samrunaaðilar ekki rétt að aðskilja þann þátt sérstaklega. Í samrunaskrá koma fram þau sjónarmið samrunaaðila að rök standi til þess að skilgreina ekki fleiri en þrjá landfræðilega markaði hvað varðar samrunaaðila þannig að höfuðborgarsvæðið myndi einn landfræðilegan markað, Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið annan og Austurland hinn þriðja. Er Austurland þá skilgreint sem Egilsstaðir, Fjarðarbyggð og Seyðisfjörður. Líta samrunaaðilar í þessu samhengi til smásölumarkaða sem Samkeppniseftirlitið hefur skilgreint m.a. á sviði dagvöru. Viðskiptavinir Dekkjahallarinnar komi þó ótvírætt frá stærra svæði og sé vel mögulegt að markaðurinn sé stærri að sögn samrunaaðila.
13. Að mati samrunaaðila séu það aðallega tveir markaðir þar sem áhrifa samrunans gæti í skilningi reglna um tilkynningu samruna. Það séu markaðurinn fyrir sölu á dekkjum og markaðurinn fyrir bílaleigur eða útleigu bíla. Það byggi á því að Dekkjahöllin og Lotus séu á vörumörkuðum sem séu á fyrra eða seinna sölustigi þar sem bílaleigur eru kaupendur dekkja.
14. Að mati samrunaaðila séu þrír markaðir skyldir þeim mörkuðum þar sem áhrifa samrunans gætir með beinum hætti í skilningi sömu reglna; markaðurinn fyrir sölu á nýjum bílum, markaðurinn fyrir sölu á notuðum bílum og markaðurinn fyrir viðgerðir á bílum. Byggja samrunaaðilar það á því að samrunaaðilar starfi ekki á sömu mörkuðum, og það sé aðeins í tilviki bílaleiga þar sem viðskipti séu á milli þeirra sem starfi á mörkuðum málsins vegna innkaupa þeirra á dekkjum. Þeirra sem starfa á markaðnum.
15. Í ljósi niðurstöðu málsins telur Samkeppniseftirlitið ekki þörf á því að skilgreina markaði málsins formlega þar sem það hefur ekki áhrif á úrlausn málsins. Þó er vakin athygli á að rök geta staðið til þess að afmarka markaði og undirmarkaði nánar, s.s. eftir notagildi bifreiða.<sup>4</sup> Að mati Samkeppniseftirlitsins þarf af sömu ástæðum ekki að taka endanlega afstöðu til landfræðilegs markaðar.

<sup>3</sup> Sjá hér: [https://www.samkeppni.is/media/akvardanir-2018/Akvordun-10\\_2018\\_Kaup-Horns-III-slhf-a-hlut-i-Bilaleigu-Flugleida-ehf-an-trunadar.pdf](https://www.samkeppni.is/media/akvardanir-2018/Akvordun-10_2018_Kaup-Horns-III-slhf-a-hlut-i-Bilaleigu-Flugleida-ehf-an-trunadar.pdf).

<sup>4</sup> Markaði fyrir fólksbíla kann að vera skipt upp í samræmi við þrengri skilgreiningar, svo sem eftir því hvort um er að ræða smábíla eða lúxusbifreiðar. Í ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB nr. IV/M.1519 – RENAULT/NISSAN, kemur fram að með vísan til fyrri fordæma megi skipta markaði fyrir fólksbíla í a.m.k. níu flokka.



## 1.2. Staða samrunaaðila á mörkuðum málsins

16. Í ljósi framangreinds telur Samkeppniseftirlitið einungis þörf á því að skoða áhrif samrunans á ákveðnum mörkuðum, þ.e. markaðinn fyrir sölu á dekkjum líkt og hann var skilgreindur hér að ofan og á markaði fyrir skammtímaleigu á bifreiðum.
17. Samrunaaðilar halda því fram í samrunaskrá að hægt sé að reikna stærð dekkjamarkaðarins með því að notast við heildarþyngd innfluttra dekkja ár hvert og meðalþyngd hvers dekk, sem sé um 12 kg. Sé notast við þá áætlun þá áætla samrunaaðilar að hlutdeild sína eftir þeim landsvæðum sem áður hefur verið nefnd þá áætla samrunaaðilar að Dekkjahöllin sé með [...] %<sup>5</sup> á Akureyri og Eyjafirði, félagið áætla að það sé með [...] %<sup>6</sup> markaðshlutdeild á höfuðborgarsvæðinu og [...] %<sup>7</sup> á Austurlandi. Samrunaaðilar gera ráð fyrir að N1 ehf., Klettur - sala og þjónusta ehf., Brimborg ehf. og Nesdekk séu öll með meira en 10% markaðshlutdeild á höfuðborgarsvæðinu. Að mati samrunaaðila séu N1, Nesdekk og Klettur sennilega stærstu félögin á markaðnum.
18. Samrunaaðilar greina frá því í samrunaskrá að bílaleigumarkaðurinn í heild sinni taldi um 24.500 í lok ár 2022. Þá greina samrunaaðilar frá því að Lotus hafi yfir 600 bílum að ráða, en miðað við það sé hlutdeild félagsins um 2,5%.<sup>8</sup> Samrunaaðilar greina frá því mati sínu að stærstu bílaleigur landsins séu Bílaleiga Akureyrar/Höldur ehf., Alp hf./AVIS, Bílaleiga Flugleiða ehf./Hertz og Blue Car Rental ehf. Þannig reki Höldur, AVIS og Hertz sennilega fleiri en þrjú þúsund bíla hver og kunna því að njóta meira en 10% markaðshlutdeildar á markaði fyrir útleigu á bifreiðum í skammtímaleigu.
19. Að virtum fyrirliggjandi upplýsingum í samrunaskrá, fylgigögnum, fyrri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 26/2022 sem áður hefur verið vísað til og þeim fjölda bílaleiga sem hafa leyfi til að starfa á þeim markaði telur Samkeppniseftirlitið að hafa megi hliðsjón af umfjöllun samrunaaðila um framangreinda markaðsstöðu.

## 1.3. Mat á samkeppnislegum áhrifum

20. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.
21. Í samrunaskrá kemur fram að það sé afstaða samrunaaðila að samruninn muni ekki raska samkeppni á þeim mörkuðum sem greint frá að ofan. Markaðshlutdeild Lotus á markaði fyrir útleigu á bílum sé lág og ólíklegt að eignartengsl við Dekkjahöllina geti haft umtalsverð neikvæð áhrif á markaðinn. Jafnvel þó að innkaup Lotus yrðu hagstæðari í kjölfar viðskiptanna er að mati samrunaaðila vandséð að félagið gæti með einföldum hætti komist í ráðandi stöðu á markaðnum. Enn fremur á markaði fyrir dekk og tengda þjónustu sé markaðshlutdeild Dekkjahallarinnar að mati samrunaaðila lág. Ekki leiðir af samrunanum breyting á hlutdeildinni

---

<sup>5</sup> Trúnaðarmál.

<sup>6</sup> Trúnaðarmál.

<sup>7</sup> Trúnaðarmál.

<sup>8</sup> Í tölum frá Hagstofunnar kemur fram að í ágúst 2023 hafi verið skráðir 30.540 bílaleigubílar.



á neinum markaði. Telja samrunaaðilar því engar forsendur til þess að ætla að neytendur muni bíða tjón af kaupunum.

22. Í þessu máli er um að ræða samruna fyrirtækja sem starfa á tengdum mörkuðum en ekki verður séð bein lárétt skörun sé á starfsemi þeirra. Á grundvelli fyrirliggjandi gagna eru ekki forsendur til að líta svo á að við þennan samruna verði markaðsráðandi staða til eða hún styrkist, eða að samkeppni verði raskað að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Lóðrétt áhrif samrunans þar sem sala á dekkjum getur talist til aðfanga fyrir starfsemi samstæðu kaupanda eru hins vegar ekki slík að íhlutunar sé þörf að mati Samkeppniseftirlitsins, enda fæst ekki séð af fyrirliggjandi gögnum og upplýsingum að sameinað fyrirtæki muni hafa hvata og getu til þess að útiloka keppinauta sína í krafti lóðréttrar samþættingar.
23. Samkeppniseftirlitið hafði jafnframt samband við og aflaða umsagna nokkurra hagsmunaaðila á framangreindum mörkuðum, sérstaklega á þeim svæðum þar sem Dekkjahöllin hefur metið sig í hvað sterkastri stöðu. Hafði enginn þeirra neinar efnislegar athugasemdir við samrunann eða sjónarmið um möguleg neikvæð áhrif hans.
24. Með vísan til framangreinds er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að hafast frekar að vegna samrunans eða rannsaka hann frekar, og lýkur því rannsókn málsins á fyrsta fasa.

#### IV. Ákvörðunarorð:

**„Kaup Vekru ehf. á öllu hlutafé Dekkjahallarinnar ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í þessu máli.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson